

Pétur Ingi Haraldsson  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. nóvember 2008  
Tilvísun: UST20080800078/ksj

### Tillaga að deiliskipulag frístundabyggðar innan þjóðgarðsins á Þingvöllum

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps er barst þann 21. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar sem er innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Erindinu fylgja yfirlitsuppráttur og skilmálar fyrir svæði 1, svæði 2 og svæði 3.

Deiliskipulagstillagan nær yfir svæði sem er allt innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum. Svæðið nær frá Rauðkusunesi í landi Kárastaða að Þingvöllum við Öxará og er 187,8 ha. Alls eru á svæðinu 77 frístundahúsalóðir, 13 lóðir við Valhallarstíg nyrðri, 11 lóðir við Valhallarstíg syðri, 3 lóðir við Rauðkusuveg, 11 lóðir við Víkurveg, 14 lóðir við Neðristíg, 21 lóð við Efri stíg og 4 lóðir við Hraunstíg.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna

#### Aðgengi almennings

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við deiliskipulagstillögu og greinargerð hvað varðar aðgengi almennings. Í deiliskipulagstillögu þeirri sem hér er til umsagnar er aðgengi almennings að strönd Þingvallavatns frá Valhallarvegi syðri að Rauðkusunesi takmarkað þar sem gert er ráð fyrir girtum lóðarmörkum alveg að Þingvallavatni, því skv. upprætti táknað svört punktalína bæði lóðarmörk frístundalóða og girðingu. Samkvæmt tillögunni er heimilt að girða að vatni t.d. á lóðum við Valhallarstíg nyrðri, syðri og Rauðkusunes. Að mati Umhverfisstofnunar samræmist deiliskipulagið ekki 23. Gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en þar segir: „23. gr. girðingar. Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.“ Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er í gr. 4.15.2 fjallað um aðgengi almennings um vötn ár og sjó í skipulagsáætlunum. Þar segir „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.“ Af þessu leiðir að óheimilt er að girða niður að vatni og hindra þar með leið fótgangandi. Tillagan er að þessu leyti ekki í samræmi við lög.

### Forsendur

Í kaflanum forsendur í greinargerð kemur fram að: *“Tillaga þessi að deiliskipulagi samræmist lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2000.”* Í ofangreindum lögum segir: *„Þingvellir við Öxará og grenndin skal vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga sem þjóðgarður“* og þar segir einnig: *„Almenningur skal eiga þess kost að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem Þingvallanefnd setur.“*

Umhverfisstofnun telur að deiliskipulagstillagan sem hér er til umsagnar uppfylli ekki þessi skilyrði enda gera uppdrættir hennar ráð fyrir takmörkun á áður nefndum almannarétti um umgengni, þar sem girðingar um frístunalóðir ná út í Þingvallavatn og hindra þannig aðgengi almennings sem tryggt er í lögum.

### Byggingaskilmálar

Í lið J í byggingarskilmálum kemur fram að: *„J. Ekki má framkvæma neitt sem hindrar umferð gangandi fólks meðfram Þingvallavatni.“*


Umhverfisstofnun telur að leiðréttá þurfi uppdrætti í samræmi við þennan lið skilmála. Á uppdráttum er sýnd svört slitin lína sem skv. skýringum táknar frístunalóð/girðing og er slitna línan sýnd alveg út í vatn. Slík girðing myndi hindra aðgengi fyrir almenning meðfram ströndinni. Einnig er ósamræmi uppdráttu hvað þetta varðar þar sem göngustígur meðfram Rauðkusunesi er sýndur á yfirlitsuppdrætti en göngustígur er ekki sýndur umhverfis nesið á uppdrátt yfir Rauðkusunes og Valhallarstíg syðri. Göngustígar eru merktir á yfirlitsuppdrætti og þá ætti að sýna göngustíg meðfram allri ströndinni.

Umhverfisstofnun bendir á að óheimilt er að setja niður girðingu á bakka Þingvallavatns sem hindrar leið fótgangandi manna sbr. 23. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun